

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps, samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Efra-Sel, golfvöllur, L203094, breyting á verslunar- og þjónustusvæði.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Efra-Sels, golfvallar, L203094. Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir gistingu í 10 gestahúsum á reit A og allt að 30 herbergja gistiálmum á byggingarreit B eða samtals 80 gestum. Í breytingunni felst að öll gisting er færð í eina byggingu neðan við núverandi golfskála auk þess sem herbergjum er fjölgað í allt að 85, sem rúma 170 gesti með tilheyrandi aðstöðu. Breytt lega hótels kallaði auk þess á breytingu á aðkomuvegi og bílastæðum auk skilgreiningar á undirgöngum undir veg.

Samþykkt í sveitarstjórn 10. apríl 2025.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 10. júní 2025.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,
Vigfús Þór Hróbjartsson.

B deild - Útgáfudagur: 25. júní 2025